

AUGLÝSING um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag lóðar nr. 1 við Erlurima á Selfossi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 3. nóvember 2005 tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar Erlurimi 1 á Selfossi.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:1000 þann 2. september 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 8. september til og með 6. október 2005, með athugasemdafresti til og með 20. október 2005.

Uppdráttur og greinargerð tillögunnar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Selfossi, 18. nóvember 2005.

Grétar Zóphaniásson, fulltrúi á skipulags- og byggingadeild.

B-deild – Útgáfud.: 28. nóvember 2005